



Fundargerð: Stjórnarfundur Félags sjúkráþjálfara

Dagsetning 17.03.2026 (15:00 – 17:00)

Fundarmenn: Gunnlaugur Már Briem, Þóra Björg Sigurbórsdóttir (fundarritari), Hildur Sólveig Sigurðardóttir, Kári Árnason og Guðný Björg Björnsdóttir.

Fundarefni:

1. Aðalfundur FS

Aðalfundur FS er á dagskrá 14. apríl nk. líkt og auglýst hefur verið.

- Fjárhagsáætlun - er enn í vinnslu og verður kynnt stjórn á aukafundi fyrir aðalfund þann 30.3.2026.
- Lagabreytingar - Umræður um orðalag í 3. grein laga félagsins varðandi samningsumboð FS fyrir hönd sjálfstætt starfandi meðlima. Formaður mun útbúa tillögu að lagabreytingum og leggja fyrir stjórn á umræddri grein fyrir komandi aðalfund.
- Aðildargjöld – Stjórn er enn að meta í samræmi við fjárhagsáætlun hvort lagðar verði til breytingar á aðildargjöldum..
- Skýrslur stjórnar og nefndar og deilda verður hlaðið inn á vef félags fyrir aðalfund.
- Lausar stöður stjórn og kjaranefnd - Umræður um lausar stöður innan ýmissa nefnda FS.
- Framboð til formennsku FS - Ekki bærust mótframboð til formennsku FS og því var sitjandi formaður Gunnlaugur Briem sjálfkjörinn til ársins 2028.

2. Dagur sjúkráþjálfunar

- Staða undirbúnings – unnið er ötulega að skipulagningu dagsins í samvinnu við framkvæmdanefnd um DS, og er dagskrá að mestu mótuð.
- Rætt var um að lengja frest til að senda inn ágríp vegna DS fram yfir áramót, auk umræðu um praktískt fyrirkomulag við undirbúning og verkefni framkvæmdanefndar.

3. CTF – Common training framework

Formaður upplýsir stjórn um gang mála varðandi umræðu um sameiginlega námsviðmið hjá sjúkráþjálfurum í Evrópu. FS og Námsbraut í sjúkráþjálfun hafa verið í samtali varðandi skil á álitum til heilbrigðisráðuneytisins þar sem það kemur fram að FS og Háskóli Íslands mótmæli þessum áætlunum, og leggi til að áfram verði tryggð heimild til að beita uppbótarákvæðum við starfsleyfisveitingar sjúkráþjálfara hér á landi.

4. Upplýsingafundur – FS (17.2.2026)

Upplýsingarfundur var haldinn fyrir félagsmenn þar sem kynnt voru áform um breytingar á lögum um Sjúkratryggingar Íslands. Einnig var farið yfir þróun og notkun



samnings FS við Sjúkratryggingar frá 2024. Fundurinn var vel sóttur af u.þ.b. 80 félögum.

5. Fundur m. Velferðarnefnd – stjórn er upplýst um fund sem formaður og fulltrúa félagsins fóru á til að fylgja eftir umsögn félagsins er varðar drög að breytingum á lögum um sjúkratryggingar.

6. Kjaratengd málefni :

Sjálfstætt starfandi og launþegar – stjórn upplýst um stöðu mála. Unnið er að áframhaldandi greiningum fyrir hönd félagsins.

7. Erlent samstarf

- a. Málefni ER-WPT

- i. Bréf v. Ákvörðunar World physio

Stjórn upplýst um að World Physio hefur sent Evrópudeildinni erindi þess efni að Evrópudeildin megi ekki banna þjóðum sem borga ekki aðildagjald til Evrópudeildarinnar að kjósa í kosningum á aðalfundi Evrópudeildarinnar.

- ii. Aðalfundur 14 – 15 maí – Pristina Kosovo

Formaður sækir aðalfund Evrópudeildar í Pristina í Kosovo í maí nk.

- b. Málefni World Physio

- i. Nú í ár er WorldPhysio 75 ára, af því tilefni er félögum boðið að tilnefna sjúkraþjálfara til þess að vera „75 noteworthy“ sjúkraþjálfara frá stofnun. Félaginu barst beiðni frá félagi um að tilnefna fyrrum formann heimssambandsins Marilyn Moffat. Eftir að fara yfir þessa ósk taldi félagið að það væri vel við hæfi að tilnefna Mariliyn til þessara viðurkenningar enda verið ötull talsmaður sjúkraþjálfunarn á breiðum grunni í áratugi, rannsakandi, kennari og ýmislegt fleira.

8. Heimsókn á aðalfund norðurlandsdeildar – 25.mars

Formaður mun sækja aðalfund norðurlandsdeildar FS á Húsavík 25. mars næstkomandi. Samhliða verður tækifærið nýtt til þess að heimsækja starfsstöðvar á Akureyri og gefa félagsfólki tækifæri til að eiga uppbyggjandi og fræðandi samtál.

9. Sjúkraþjálfarinn – könnun er varðar fyrirkomulag

Stjórn ræðir fýsileika þess að kanna hug félagsmanna varðandi fyrirkomulag á dreifingu Sjúkraþjálfarans. Útfærsla á þeirri könnun er í vinnslu.



10. Starfsmannamál – Starfshlutfall

Formaður óskar eftir samþykki stjórnar á hækkun starfshlutfalls starfsmanns úr 50% í 60%. Stjórn samþykkir þessa tillögu.

11. Afnám tilvísingaskyldu – tilkynning um seinkun

FS barst í morgun bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu um að ákveðið hafi verið að seinka því að fella niður kröfu um tilvísun í sjúkráþjálfun sem átti að taka gildi 1. apríl. Ákveðið var að stefnt skyldi að því að breytingin tæki gildi 1. október nk. FS mun senda upplýsingar um þetta til félagsfólks.

12. Önnur mál

Fyrirhugaður fundur varðandi samstarf bráðamóttöku og sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara

Boða á fund með félagsmönnum þar sem kynna á mögulegt samstarf bráðamóttöku Landspítala og sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara. Hvatt verður til þess að sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfarar forgangsraði sjúklingum bráðamóttöku sem gætu náð bata með aukinni þjálfun til að draga úr þörfum á innlögnum á Landspítalann.